

Fundargerð 74. fundar Hafnarstjórnar

Hafnarstjórn hélt fund þriðjudaginn 28. apríl 2015 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar. Mætt voru undirrituð: Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna, gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Ársreikningur ársins 2014.

Formaður gaf hafnarstjóra (S.B) orðið og gerði hann grein fyrir ársreikningi. Rekstarniðurstaða var 6.249.370 kr. í hagnað sem er um 2 milljónum króna meiri hagnaður en áætlað var.

2. Beiðni um stöðuleyfi fyrir söluvagna og fyrir ljúfmetismarkaði á hafnarsvæðinu.

- 2.1 Ljúfmetismarkaður- stöðuleyfi, 6 júní og 25 júlí, markaður þar sem áætlað er að bjóða veitingamönnum og matvælaframleiðendum að kynna sínar vörur og selja.
- 2.2 Söluvagn/ísbúð- stöðuleyfi frá 15 maí til 30 september 2015.

Jákvæðar umræður urðu um bæði erindin og samþykkt að veita stöðuleyfin og að nánari staðsetning verði í samráði við hafnarvörð.

3. Þörf fyrir framkvæmdir og viðhald hafnarmannvirkja næstu árin. Hafnarstjóri fór yfir helstu viðhaldsverkefni sem blasa við.

Fyrst stálþil í Skipavík, þá ferjuhöfn, endurgerð brúarinnar, þá lokafrágang á tjökkunum. Huga þarf að girðingu við Súgandisey vegna grjóthruns og svo austur kantinn á Stykkinu. Öllu þessu þarf að koma í gang á árinu. Einnig var nefnd og rætt svæðið í Skipavík sem fór illa í síðustu uppskipun. Umræður urðu um allt ofangreint.

4. Hafnarstjóri fór yfir áætlun um komur skemmtiferðaskipa í sumar og þá þjónustu sem höfnin veitir í hvert skipti / við hverja komu.

Samtals eru áætlaðar 11 komur skipa í sumar.

5. Önnur mál

5.1 Fyrirspurn frá Alexi P. Ólafssyni varðandi ábyrgð Stykkishólmsbæjar vegna gangandi umferðar í Súgandisey og ef til slyss kæmi. Rætt um að setja upp skilti í Súgandisey með viðvörðunum og tilmælum. Hafnarstjórn beinir þeim tilmælum til bæjaryfirvalda að setja upp viðvörðunar skilti á fleiri en einu tungumáli og taka fram að ferðamenn séu á eigin ábyrgð, enda eyjan skilgreind sem opið útivistarsvæði.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið klukkan 18:00

Sturla Böðvarsson (sign)

Guðmundur Kolbeinn Björnsson (sign)

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir (sign)

Alex Páll Ólafsson (sign)

Páll Guðmundsson (sign)

Eydís Jónsdóttir (sign)